

MINNISBLAÐ

17.3.2023

2023-01-69/10.1

Til: Sveitastjóra Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Frá: Viðskipta- og Kerfisþróunarsviði Landsnets

Efni: Aðgengi að orku í Austari hluta Suðurlands eftir tilkomu Hvammsvirkjunar

Þann 7. mars kom til fundar við fulltrúa Landsnets Haraldur Þór Jónsson sveitastjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Á fundinum voru auk hans, Guðmundur Ingi Ásmundsson forstjóri LN, Guðlaug Sigurðardóttir framkvæmdastjóri fjármála LN og Gnýr Guðmundsson yfirmaður Kerfisþróunar LN.

Á fundinum voru ýmis mál rædd er varða flutning raforku um og í sveitarfélaginu, tiltæk afhendingargeta orku á svæðinu og tekjur sveitafélaga af virkjunum og flutningsmannvirkjum. Einnig var farið yfir uppbyggingaráætlanir í flutningskerfinu á svæðinu auk þess sem farið var yfir fyrirætlanir Landsnets um uppsetningu nýs afhendingarstaðar í Hvammi í tengslum við tengingu Hvammsvirkjunar við flutningskerfið.

Niðurstaða fundarins var sú að ákveðið var að Gnýr tæki saman minnisblað með punktum um atriði sem skipta máli fyrir svæðið ásamt korti og senda á Harald Þór.

Uppbygging á svæðinu:

Búið er að auka afhendingargetu inn á Austari hluta Suðurlandskerfisins með byggingu tengivirkis við Lækjartún. Það tengist inn á Búrfellslínu 2, sem er 220 kV flutningslína á milli Búrfells og Kolviðarhóls á Hellisheiði. Virkið er byggt sem 132 kV virki, en rekið á 66 kV spennu fyrst um sinn. Frá virkinu var lagður jarðstrengur að Hellu (132 kV en rekinn á 66 kV) og hann tengdur inn á tengivirki Landsnets þar. Með framkvæmdinni er búið að auka afhendingaröryggi á Suðurlandi mikið auk þess sem möguleikar á fæðingu inn á kerfið eru mun meiri en áður, en fyrir var svæðið fætt með tveimur 66 kV loftlínunum frá Búrfelli, Hvolsvallarlínu 1 og Flúðalínu 1.

Næsti fasi í uppbyggingu kerfisins sem þegar er hafinn er lagning jarðstrengs frá Hellu að Rimakoti sem er tengipunktur Vestmannaeyja við flutningskerfið á landi. Strengurinn verður lagður fyrir 132 kV spennustig en rekinn á 66 kV þangað til þörf er á að spennuhækka Suðurlandshringinn. Einnig hefur verið ákveðið að leggja nýjan streng til Vestmannaeyja, en reynsla af rekstri sæstrengs sem lagður var 2013 hefur því miður ekki verið góð og er hann nú bilaður í annað sinn frá lagningu.

Rimakotslína 1 á milli Hellu og Rimakots er 66 kV loftlína, sem var byggð fyrir 132 kV spennu og er því tilbúinn til spennuhækkunar.

Með tilkomu Hvammsvirkjunar þarf Landsnet að byggja tengivirki fyrir virkjunina við Búrfellslínu 1. Tekin hefur verið ákvörðun um það hjá Landsneti að nota þetta tækifæri og setja upp nýjan afhendingarstað í leiðinni. Mun því tengivirkið verða stækkað og útbúið með 132 kV rofabúnaði og millispenni og því klárt bæði sem önnur öflug fæðing inn á Suðurlandskerfið sem og til uppsetningar dreifiveituspennis fyrir dreifiveituna á svæðinu sem er í eigu RARIK. Þau eru meðvituð um ákvörðun Landsnets og eru áhugasöm um að notfæra sér nýjan afhendingarstað og setja upp nýja tengingu við dreifiveitu svæðisins.

Í framhaldi af uppsetningu afhendingarstaðarins mun Landsnet leggja 132 kV línu frá Hvammi í austurátt að Hvolsvallarlínu 1 og tengja inn á hana þar. Mun þá sá hluti hennar sem liggur í Búrfell verða aflagður. Síðar mun þá restin af Hvolsvallarlínu 1 niður í Hvolsvöll verða endurnýjuð sem 132 kV lína og verður þá til hringur á suðurlandinu sem er tilbúinn fyrir spennuhækkun í 132 kV. Munu þannig skapast miklir möguleikar til aukinnar afhendingargetu á svæðinu með spennuhækkun á hring sem tengist á tveimur stöðum inn á 220 kV kerfið, annars vegar í Lækjartúni og hins vegar við Hvammsvirkjun.


Áhrif nýs afhendingarstaðar á nærsamfélagið

Staðbundin áhrif nýs afhendingarstaðar í Hvammi eru einnig talsverð fyrir svæðið í nágrenni virkjunarinnar. 132 kV spennustig verður til staðar og auðvelt að tengja stærri notendur á því spennustigi, t.d. á fyrirhuguðu iðnaðarsvæði við Árnes en afhendingarstaðurinn verður í 5 – 6 km fjarlægð frá Árnesi. (flutningsgeta 132 kV strengja er allt að 150 MW). Tenging dreifiveitu inn á afhendingarstaðinn mun einnig kalla á miklar breytingar bæði á afhendingaröryggi sem og afhendingargetu á svæðinu vestan Þjórsár. Hvammsvirkjun verður mjög sterkur punktur í kerfinu og strengir í dreifiveitu tengdir þangað munu fækka að miklu leyti truflunum í dreifiveitu sem orsakast af veðurfarslegum þáttum. Í dag er dreifiveitan tengd frá Flúðum sem er í dag næsti afhendingarstaður í flutningskerfinu. Flúðir eru tengd úr tveimur áttum með 66 kV loftlínunum, frá Búrfelli og frá Hellu og eru þær báðar útsettar fyrir truflunum í vondum veðrum sem aftur veldur truflunum í afhendingu rafmagns í þeim dreifiveitum sem tengjast inn á Flúðir.


Með tilkomu afhendingarstaðar við Hvammsvirkjun má því gera ráð fyrir að íbúar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi muni upplifa mun færri truflanir á afhendingu raforku sem og hafa talsvert aukna möguleika á uppbyggingu atvinnustarfsemi sem þarfnast raforku.

Kort

Meðfylgjandi korts sýna annars vegar staðsetningu nýs afhendingarstaðar og vegalengd til Árness og hins vegar hvernig flutningskerfið í austari hluta Suðurlands mun líta út eftir að eystri fæðing þess hefur verið færð í nýjan afhendingarstað við Hvammsvirkjun.



Mynd 1 : Fjarlægð Árness frá nýjum afhendingarstað



Mynd 2 : Framtíðarlutningskerfi á Suðurlandi austur